

# Petta er mitt tómstundagaman

:: Soffia Björnsdóttir heldur sína fyrstu einkasýningu, nýorðin átræð  
:: Sýningin opnuð í Einarsstofu á morgun

JÚLÍUS G. INGASON  
julius@eyjafrettir.is

Á morgun, fimmtudag kl. 17, verður opnuð myndlistarsýning á verkum Eyjakonunnar Soffiu Björnsdóttur. Sýningin er haldin í Einarsstofu en þetta er fyrsta einkasýning Soffiu. Hún hefur tekið þátt í nemendasyningum nemenda Steinunnar Einarsdóttur en sýn nú í fyrsta sinn ein. Alls verða 40 verk á sýningunni en það er ekki á hverjum degi sem átræður listamaður stígur fram sem listamaður. Blaðamaður Eyjafretta kíkti í heimsókn til Soffiu og fékk að vita aðeins meira um verkin og sýninguna.

Það er ekki að sjá að Soffia hafi orðið átræð í sunnar enda ákaflega hress og tók vel á móti blaðamanni, ásamt eiginmanni sínum, Arnari Sighvatssyni sem var þó upptekinn við smiðavinnu. Við eldhúsborðið sat svo lærlimeistari Soffiu, Steinunn, sem hefur fylgt Soffiu úr hlaði í myndlistinni. „Ég hef verið að mála meira og minna síðan ég byrjaði á námskeið hjá Steinu árið 1998. Áður fyrr var aldrei neinn kennari til að kenna myndlist hér í Vestmannaeyjum. Ég viðurkenni það reyndar að ég fór með hálsum huga á námskeið en hef haft ægilegan áhuga síðan.“ Petta er mitt tómstundagaman,“ sagði Soffia, sem hafði teiknað sem barn og málað lítillega um tvítugt en ekki snert pensilinn síðan vegna anna.

„Ég byrjaði í vatnslitum en færði mig svo yfir í olíulitina. Það er mikill munur á að mála með þessum tveimur litum. Þegar málað er með vatnslitum má ekki gera nein mistök því ekki er hægt að lagfæra



Soffia við eitt verka sinna í vinnustofu sinni sem hún er með á heimili sínu við Höfðaveg.

það. Hins vegar hefur maður að eins meira frjálsræði í olíulitunum því það er alltaf hægt að mála yfir ef eitthvað misferst eða þarfast breytinga. Það er skemmtilegra að mála í olíulitunum að mörgu leyti.

## Blómlegt myndlistarlífi í Eyjum

Hvað verða mörg verk á sýningunni?

„Petta eru í kringum 40 myndir

sem ég fókk lánaðar hjá syni mínum og dóttur sem bæði búa uppi á landi. Svo átti ég líka svoltið af myndum sem ég tek saman. Petta er yfirlitssýning, ekki sölusýning, en þarna má sjá það sem ég hef verið að gera síðan ég fór á námskeið hjá þessari góðu konu, henni Steinu. Hún hefur kennit mér allt sem ég kann og er enn að. Það má að mörgu leyti þakka Steinu fyrir það hversu blómlegt myndlistarlífið er hér í Eyjum þessa stundina og ótrúlega margir sem eru að dunda sér við að mála. Ég vil líka meina að Kári Bjarnason í Bókasafnini eigi stóran þátt í því, enda er hann reglulega með sýningar og fyrilestra í Einarsstofu sem gaman er að skoða og fylgjast með. Það er

“

*Petta er yfirlitssýning, ekki sölusýning, en þarna má sjá það sem ég hef verið að gera síðan ég fór á námskeið hjá þessari góðu konu, henni Steinu. Hún hefur kennit mér allt sem ég kann og er enn að. Það má að mörgu leyti þakka Steinu fyrir það hversu blómlegt myndlistarlífið er hér í Eyjum þessa stundina og ótrúlega margir sem eru að dunda sér við að mála. Ég vil líka meina að Kári Bjarnason í Bókasafnini eigi stóran þátt í því, enda er hann reglulega með sýningar og fyrilestra í Einarsstofu sem gaman er að skoða og fylgjast með.*

er hér í Eyjum þessa stundina og ótrúlega margir sem eru að dunda sér við að mála. Ég vil líka meina að Kári Bjarnason í Bókasafnini eigi stóran þátt í því, enda er hann reglulega með sýningar og fyrilestra í Einarsstofu sem gaman er að skoða og fylgjast með. Það er

voðalega gott að fá svona fólk í bænn eins og þau Steinu og Kára.“

Soffia segist mestmagnis málá Eyjamynir. „Náttúran og bátarnir eru áberandi hjá mér. Ég enda alltaf aftur í Eyjamundunum enda hafa Vestmannaeyjar svo mikið upp á að bjóða, fallegt landslag og mikla sögu.“

## Myndlistar- og tónlistarmaður

Soffia er í hópi Eyjakvenna sem kemur reglulega saman og hugar að myndlistinni. „Við erum nokkrar saman í Áhaldahúsini, allt Vestmannaeyjakonur og óskaplega skemmtilegur félagskapur. Æn mest málá ég hér heima, hef eitt herbergi undir þetta tómstundagaman mitt. Mér finnst voðalega gott að grípa í pensilinn þegar ég er ein. Það er mjög afslappandi og mannbætandi að vera ein og málá.

Og þú atlar að halda áfram?

„Jú eitthvað smávegis. Ég tek mér kannski smá frí en ég hef gaman af þessu og gef mér tíma í myndlistina meðan heilsan leysir.

Soffia mun spila lag á píanon við opnunina. „Ég geri petta nú með semingi. Kára datt þetta í hug og ég verð við ósk hans um að spila eitt lag. Ég ætla að spila lag eftir þá Oddgeir Kristjánsson og Ása í Bæ. Ég hef alltaf haft gaman af tónlistinni og hef spilað lengi á píanon.“

Pannig að þú ert mjög listræ?

„Ég veit það ekki. Eru ekki allir Íslendingar listamenn? Ég segi nú bara eins og Bretarnir, það geta allir máláð.“ sagði listamaðurinn að lokum. Rétt að áréttu að opnunin verður á morgun, fimmtudag klukkan 17:00 í Einarsstofu og verður boðið upp á kaffi og konfekt.

Þjóðbúningurinn kynntur í Visku á laugardag:

# Íslenskir búningar hafa þróast í gegnum aldirnar

:: Í bígerð að bjóða upp á þjóðbúninganámskeið eftir áramót í Visku

Annríki – Þjóðbúningar og skart mun bjóða upp á þjóðbúningakynningu í Vestmannaeyjum laugardaginn 9. nóvember nk. kl. 13:00 í húsnæði Visku að Strandvegi 50, en í bígerð er að halda þjóðbúninganámskeið sem hefjast mun eftir áramót.

Íslenskir búningar eru fjölbreyttir og eiga sér langa samfellda þróunarögg að frá landnámi, en elstu gerðirnar sem kennit er að gera hjá Annríki eru faldbúningar frá 17., 18. og 19. öld. Slíkum búningum klæddust íslenskar konur almennt en skreyttu vitanlega eftir efnum og aðstæðum og margin þeirra búninga sem varðveist hafa á íslenskum söfnum eru fagurlega skreyttir með útsaumi, baldýringu, flauelsskurði, perlausumi, knipli og ekki síst finum innflutum borðum.

Um miðja 19. öldina urðu nokkrar breytingar á faldbúningnum gamla með aðkomu Sigurðar Guðmundssonar málara en hann lagði til breytingar í átt til Evróputísku sem konur tóku fagnandi. Upphaflega var þessi búningur nefndur faldbúningur hinn yngri enda byggður á þeim eldri, en síðar fók hann heitið skautbúningur sem flestir íslendingar þekkja sem búning fjallkonunnar. Helstu breytingar urðu þær að treyjan síkkaði í mitti, ný útsaumsmynnstur voru dregin upp og nýr höfuðbúnaður tekið í notkun með hvítri blæju og spöng (koffur) að hætti evrópskra hefðarkvenna. Skautbúningurinn varð gríðarlega vinsæll en hafði sína vankanta, þótti þungur og erfidur að dansa í, en um 1870 bættist nýr búningur við, kyrtill, sem var léttari og þægilegri í notkun. Bárðir þessir búningar urðu

gríðarlega vinsæller allt fram á 20. öld. Í dag er fjöldi kvenna að sauma sér eða hefur lokið við gerð kyrta, skaut- og faldbúninga á námskeiðum í Annríki.

Eftir breytingar á faldbúningnum varð til nýr og sérstakur búningur úr þeiri flík sem ekki nýttist lengur við nýja skautbúninginn en það var upphluturinn. Það tók þó konur u.b.b. hálfa öld að þróa hann sem sérstaka flík enda hafði hann áður þjónað sem korselett og skyrtan undir sem nærskyrta þ.e. undirfatnadrar.

Peysuföt eru einnig búningur sem á sér langa sögu, en upphaflega var flíkin þrjónuð eins og nafnið ber með sér. Heimildir herma að peysan sé hingað komin með hollesskum sjómönnum á 16. öld og hefur því þróast mikið en um miðja 19. öld fóru konur að sauma treyj-

una í ullarklæði. Peysan eða treyjan mun hafa verið almágbúningur eða hversdagsbúningur heldri kvenna eins og erlendir ferðamenn, sem sóttu Ísland heim á þeim tíma, lýsa svo ágætlega í ferðabókum sínum. Við peysuföt og upphlutur er notað svart pil og svunta yfir og skyrtu undir upphlutinn. Skartið sem fylgir búningunum er mismikið og hefur þróast í aldanna rás. Svarta skotthúfan sem notuð er við búningana á sér líka langa sögu en við 19. aldar upphlut, sem í dag er gjarnan borinn sem sjálfstæður búningur, er höfð djúprjónahúfa með skúfi í ýmsum litum. Við 20. aldar upphlut og peysuföt er húfan grynnri, þrjónuð eða saumuð úr flaueli og alltaf með svörtum silkiskúfum.

Herrabúningar virðast hafa fylgt Evróputískunni meira en kvenbún-

ingarnir og bera mjög keim af þændabúningum á Norðurlöndunum og víðar. Á Þjóðminjsafni Íslands eru varðveisir nokkrar flískur og er sá búningur sem karlmenn bera nú og kallaður er 19. aldar búningur byggður á þeim sem og lýsingum úr bókum. Búningurinn samanstendur af skyrtu, síðum eða hnésíðum brókum, vesti og treyju. Búningurinn er allur unnninn úr ullarefnum en skyrtan úr léresti og er hann oftast svartur, blá eða brúnur. Vestin geta þó verið í glælegri litum. Við hnébuxur eru notaðir þjónaðir leistar og ekki er úr vegg að bera sauðskinnskó. Alltaf er borið höfuðfat, húfa eða hattur. Fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér betur sögu búninganna þá verða Ási og Hildur í Annríki með erindi og fjölda búninga til sýnis á kynningunni.